

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun samþykkisskrár, 22. mál.**

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn umboðsmanns barna um tillögu til þingsályktunar um stofnun samþykkisskrár, 22. mál.

Í athugasemdum með tillögunni er vísað til þess hversu mikilvægur sjálfsákvörðunarrétturinn er í lýðræðislegu samfélagi. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að nefna sjálfsákvörðunarrétt barna sérstaklega, en mikilvægt er að virða stigvaxandi rétt barna til þess að taka eigin ákvarðanir, sbr. meðal annars 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013

Nú fyrir stuttu var á heimasíðu landlæknis hægt að skrá afstöðu sína til líffæragjafar sem er sambærileg skráning um um ræðir í tillögunni. Ekki hefur beinlínis verið tekið á því við hvaða aldur börn mega sjálf skrá sig í þennan gagnagrunn. Sömuleiðis hafa vaknað spurningar um það hvort foreldrar geti skráð börn sem þeir eru með forsjá yfir. Ef ofangreind tillaga verður samþykkt er mikilvægt að taka afstöðu til slíkra álítaefna, með hagsmuni barna að leiðarljósi. Í þessu sambandi má benda á að börn verða sjálfstæðir þjónustuþegnar innan heilbrigðiskerfisins við 16 ára aldur, sbr. 26. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Er því eðlilegt að börn geti að minnsta kosti sjálf skráð sig í samþykkisskrár frá 16 ára aldri, til dæmis hvað varðar líffæragjafir.

Virðingarfyllst,  
Margrét María Sigurðardóttir,  
umboðsmaður barna